

## Skólaráðsfundur 4. janúar 2024

Mættir: Herdís Erna Gunnarsdóttir skólastjóri; Kristján Elvar Meldal fulltrúi kennara; Ragnheiður Helga Bæringsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskólans; Sara Kristinsdóttir fulltrúi foreldra barna í grunnskóla; Stefanía Anna Vilhjálmisdóttir fulltrúi foreldra barna í leikskóla; Alexandra Agla Jónsdóttir fulltrúi nemenda; Þórarinn Páll Þórarinsson fulltrúi nemenda.

Stefanía Björg Jónsdóttir fulltrúi foreldra barna í grunnskóla (boðaði forföll, ekki boðaður varamaður); enn vantar fulltrúa annara starfsmanna. Ekki er grenndarfulltrúi.

Fundur haldinn í stofu 7 í grunnskólanum kl. 15:20 til 17:20

1. Fulltrúar í skólaráði 2023-2024. Skólastjóri býður nýja skólaráðsfulltrúa velkomna. Fer yfir hlutverk fulltrúa.
2. Starfsáætlun skólaráðs 2023-2024.
3. Fundaáætlun framundan 2024. Fjórir fundir til vors: 4. janúar, 1. febrúar, 12. mars og 15. maí.
4. Starfsreglur skólaráðs-Drög.
  - Skólastjóri kynnir starfsreglur skólaráðs.
5. Starfsáætlun Auðarskóla 2023-2024
  - Skólastjóri kynnir og opnar umræður. Óskar eftir samþykki til að birta hana. Samþykkt.
6. Menntastefna Dalabyggðar – Drög. – Skólastjóri kynnir
  - Erindi frá fulltrúum nemenda:
    - Mikið er af bóklegum tímum en það vantar meira af verklegum tímum, t.d. smíði. Mikilvægt fyrir þá sem ekki eru góðir í bóklegu að geta farið í verklega tíma sem þeir geta kannski fundið sig betur í og hlakka til að fara í.
    - Hafa fleiri lífsleiknitíma, t.d. með áhugaverðum leikjum, sem auka samkennd meðal nemenda, hjálpa þeim að kynnast og átta sig á að allir eru manneskjur og hafi tilfinningar. Taka vel á móti “nýjum nemendum” (t.d. 8. bekk). Fá meiri kennslu, hugsanlega aðkomandi til fræða um almenna virðingu og góð samskipti.
    - Nemendur óska eftir kynningum á Menntastefnu Dalabyggðar í skólanum.
  - Umræður um samþættingu og margbreytileg verkefni.
  - Ef fulltrúar skólaráðs eða aðrir vilja gera athugasemdir við Menntastefnuna er hægt að senda ábendingar til skólastjóra sem kemur þeim áfram.
  - Íbúafundur verður haldinn 17. janúar-Fjarfundur: Kynning á drögum Menntastefnunnar.
7. Námsvísar leikskóla – Skólastjóri kynnir
8. Námsvísar grunnskóla – Skólastjóri kynnir, umræður
9. Skóladagatal 2024-2025-Drög – Skólastjóri kynnir, umræður
10. Leikskóladagatal 2024-2025-Drög – Skólastjóri kynnir
11. Atkvæðagreiðslur
  - Menntastefna Dalabyggðar, drög – Samþykkt samhljóða
  - Námsvísir grunnskóla, drög – Samþykkt samhljóða
  - Skóladagatal, drög – Samþykkt samhljóða
  - Námsvísir leikskóla, frestað atkvæðagreiðslu þar til kynning hefur farið fram í leikskóla.

Kristján Elvar Meldal ritaði fundargerð  
Herdís Erna Gunnarsdóttir skólastjóri Auðarskóla